

Grænt bókhald Terra 2022
Terra Umhverfisþjónusta hf.



Terra Umhverfisþjónusta hf.
Kt. 410283-0349

Hlíðarvöllum
603 Akureyri

Inngangur

Terra Norðurland stofnað árið 1987, fyrirtækið hét áður Gámaþjónusta Norðurlands ehf, en var breytt í Terra Norðurland í október 2019. Um áramótin 2020-2021 sameinaðist fyrirtækið móðurfélaginu Terra Umhverfisþjónustu hf og er rekið undir kennitölu þess félags.

Terra þjónustar viðskiptavini á breiðum grundvelli við söfnun úrgangs endurvinnslu/og endurnýtingar. Einn þáttur starfseminnar er móttöka spilliefna og raftækja. Þessi þáttur er ekki sértaklega greindur frá öðrum rekstrarþáttum í samantektinni yfir grænt bókhald. Ekki er um neina meðhöndlun spilliefna að ræða heldur eingöngu móttöku og flutning til Terra Efnæyðingar. Í þessari skýrslu verður eingöngu fjallað um starfsemina á Akureyri þar sem meðhöndlun spilliefna fer ekki fram á öðrum starfsstöðum Terra Umhverfisþjónustu.

Bifreiðar sem notaðir eru í þessi verkefni fyrirtækisins ganga fyrir díselolíu. Tækjabúnaður allur svo sem pressur og færibönd auk allra ljósa nota rafmagn en húsakynni eru hituð með heitu vatni frá hitaveitu.

Almennar upplýsingar um fyrirtækið

Fyrirtækið Terra Umhverfisþjónusta hf.

Var stofnað undir nafni Gámaþjónustu Norðurlands ehf. árið 1987. Heimilisfangið er Hlíðarvellir, 603 Akureyri.

Eigandi:

Terra Umhverfisþjónusta hf.

Stjórnarformaður:

Einar Örn Ólafsson

Forstjóri:

Valgeir Baldursson

Rekstrarstjóri:

Helgi Pálsson

Starfsleyfi

Starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gaf út fyrir Terra Norðurland ehf. og gildir til 24. maí 2027. Eftirlitsaðili Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Leyfi er fyrir því að reka starfsemina áfram á fyrri starfsleyfum þrátt fyrir samruna félagsins til Terra Umhverfisþjónustu.

Starfsleyfi Sagaplast sem síðan er flutt yfir til Terra Norðurlands og gildir til 16. Júlí 2028. Eftirlitsaðili er UST.

Stöðugildi hjá Terra Umhverfispjónustu hf á Akureyri.

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var u.þ.b. 35 á árinu 2022.

Hlutverk Terra Umhverfispjónustu hf.

Hlutverk Terra að taka við úrgangi frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum og sjá um að koma þeim í endurvinnslu, endurnýtingu eða eyða þeim á faglegan og öruggan hátt fyrir umhverfið.

Terra er í samvinnu við viðurkennda og trausta aðila um vinnu, nýtingu eða eyðingu efna, bæði innanlands og erlendis.

Umhverfis og gæðavottun Terra

Stjórn Terra Umhverfispjónustu hf. hefur samþykkt umhverfis- og gæðastefnu til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum.

Félagið er vottað samkvæmt stöðlum ISO 14001 og ISO 9001 og hefur árlega farið fram úttekt frá BSI á Íslandi. Undanfarin ár hefur starfsstöðin á Akureyri verið inni í umhverfisvottun og bættist gæðavottun við árið 2020.

bsi.  

Certificate of Registration

ENVIRONMENTAL MANAGEMENT SYSTEM - ISO 14001:2015

This is to certify that: Terra umhverfispjónusta hf
Berghella 1
Hafnarfjörður
221
Iceland

Holds Certificate Number: EMS 592215
and operates an Environmental Management System which complies with the requirements of ISO 14001:2015 for the following scope:
Please see scope page.

For and on behalf of BSI: 
Andrew Launn, EMEA Systems Certification Director

Original Registration Date: 2013-03-26
Latest Revision Date: 2021-06-21

Effective Date: 2021-06-27
Expiry Date: 2024-06-26

Page: 1 of 4

  **...making excellence a habit.™**

bsi.  

Certificate of Registration

QUALITY MANAGEMENT SYSTEM - ISO 9001:2015

This is to certify that: Terra umhverfispjónusta hf
Berghella 1
Hafnarfjörður
221
Iceland

Holds Certificate Number: FM 660736
and operates a Quality Management System which complies with the requirements of ISO 9001:2015 for the following scope:
Please see scope page.

For and on behalf of BSI: 
Andrew Launn, EMEA Systems Certification Director

Original Registration Date: 2018-08-02
Latest Revision Date: 2021-06-21

Effective Date: 2021-08-02
Expiry Date: 2024-08-01

Page: 1 of 4

  **...making excellence a habit.™**

Við erum Terra

Við leiðum framfarir í umhverfisþjónustu og skiljum ekkert eftir

Gæðastefna



Við vinnum markvisst að því að veita viðskiptavinum góða þjónustu á hágvæman og umhverfisvænan hátt. Unnið er eftir gæðastefnu sem miðar að því að:

Tryggja að þarfir og væntingar viðskiptavina séu ávallt uppfylltar, með reglulegum mælingum og eftirfylgni.

Jákvætt samstarf sé viðhaldt við innri og ytri viðskiptavini, með reglulegum samskiptum.

Greina tækifæri til úrbóta og framþróunar, m.a. með eftirfylgni ábendinga og verkefna þannig að stöðugum úrbótum sé viðhaldið.

Tryggja starfsfólki góðar starfsaðstæður og tækifæri á reglulegri þjálfun og fræðslu.

Allir starfsmenn fyrirtækisins fylgja vinnuferlum samkvæmt gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001:2015 til að uppfylla væntingar viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila.

Umhverfisstefna



Við vinnum markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar og viðskiptavina. Unnið er eftir umhverfisstefnu sem miðar að því að:

Vera í farabroddi í meðhöndlun úrgangs á landsvísu og einsetja sér að kynna viðskiptavinum og starfsmönnum fyrirtækisins gildi endurvinnslu og endurnýtingar.

Leitast við að þekkja umhverfisáhrif starfseminnar og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, með reglulegum mælingum á þýðingarmiklum umhverfisþáttum.

Leggja slitt af mörkum til loftslagsmála með betri nýtingu auðlinda, bætri meðhöndlun úrgangs og með ráðgjöf til viðskiptavina.

Setja sér mælanleg umhverfismarkmið í þeim tilgangi að tryggja stöðugar úrbætur.

Fylgja lagalegum kröfum á sviði umhverfismála og vinna að stöðugum úrbótum í samræmi við umhverfisstjórnunarstaðalinn ISO 14001:2015.

Öryggisstefna



Við vinnum markvisst að því að tryggja öryggi starfsmanna á allan hátt. Unnið er eftir öryggisstefnu sem miðar að því að:

Vinnuumhverfi starfsmanna myndi kjöraðstæður fyrir andlega og líkamlega vellíðan þeirra við störf hjá fyrirtækinu.

Tryggja að ferti til stöðugra úrbóta sé til staðar og sé fylgt eftir með mælingum á árangri.

Fylgja lagalegum kröfum á sviði vinnuverndar, öryggismála og persónuverndar og vinna að stöðugum úrbótum.

Viðhalda reglulegri fræðslu með skipulegum og vönduðum hætti til starfsmanna og gesta.

Tryggja reglulegt eftirlit er lýtur að öryggismálum á öllum vinnusvæðum.

Samþykkt 17. mars 2022

Valgeir Baldursson
Forstjóri



Helstu þættir auðlindanotkunar sem varða grænt bókhald árið 2022 hjá Terra umhverfisþjónustu hf. að Hlíðarvöllum Akureyri.

Grænt bókhald hefur sama uppgjörstímabil og ársreikningur félagsins, frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

| Breyta | Eining | Árið 2022 | Árið 2021 |
|-------------------------------------|----------------|-----------|-----------|
| Rafmagn | kWh | 258.463 | 237.147 |
| Heitt vatn | M ³ | 26.467 | 27.563* |
| Kalt vatn | M ³ | 4.154 | 3.649 |
| Diselolía (lituð, ólítuð og bensín) | l | 398.993 | 293.386 |
| Metan | M ³ | 9.545 | 9.842 |
| Umhverfisslys | | 0 | 0 |

*Leiðrétt tala í samanburði. Heitt vatn skráð með rangri mælieiningu árið 2021

Til frekari útskýringar:

Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru unnar upp úr reikningum frá birgjum og af álestri mæla.

Lokaorð

Markmið Terra er að leiða framfarir í umhverfisþjónustu og skilja ekkert eftir, allt snýst þetta um að skilja ekkert eftir á öllum sviðum umhverfismála og setjum okkur alltaf ný markmið til að gera betur.

Það er metnaðarmál fyrirtækisins að leitast stöðugt við að þekkja umhverfisáhrif starfsemi sinnar með góðri skráningu, eftirliti og mælingum og gera bót á ef á þarf að halda.

Fyrirtækið er í fararbroddi í flokkun og endurvinnslu úrgangs á Íslandi og stuðlar að aukinni flokkun og endurvinnslu úrgangs viðskiptavina sinna. Fyrirtækið leggur einnig mikla áherslu á að kynna viðskiptavinum sem og öðrum gildi úrgangsflokkunar, endurvinnslu og endurnýtingu með það að markmiði að auka flokkun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

Staðfesting stjórnar

Stjórn Terra umhverfisþjónustu hf. samþykkti umhverfis- gæða og öryggisstefnu 17.mars 2022 til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum. Umhverfisstefnan hefur verið höfð að leiðarljósi í starfsemi fyrirtækisins. Grænt bókhald er birt samkvæmt reglugerð 851/2002 um grænt bókhald og er einn hlekkur í því að fylgjast með þeim þáttum starfseminnar sem hafa áhrif á umhverfið.

Stjórn Terra Umhverfisþjónustu hf. staðfestir hér með skýrslu um grænt bókhald.

5.7.2023

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Valdur M. Björnsson', is written across the page.

Óháð staðfesting til Terra Umhverfispjónustu hf. vegna græns bókhalds

Til stjórnar og hluthafa í Terra Umhverfispjónustu hf.

Við höfum kannað skýrslu Terra Umhverfispjónustu hf. um grænt bókhald fyrir árið 2022. Staðfesting okkar felst í skoðun á því hvort tölur sem gefnar eru upp í skýrslu Terra Umhverfispjónustu hf. um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins.

Ábyrgð stjórnenda

Græna bókhaldið er lagt fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar felst í að afla nægilegrar vissu um og gefa óháð álit á því hvort upplýsingar séu réttar og í samræmi við starfsleyfi og lög og reglur um grænt bókhald. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 um staðfestingar. Samkvæmt honum ber okkur að fara eftir settum siðareglum, þar með talið óhæðiskröfum, og skipuleggja og haga vinnu okkar þannig að nægjanleg víska fái um hvort ákveðnar upplýsingar í skýrslunni séu í meginatriðum án annmarka.

Í því sambandi var eftirfarandi kannað með úrtökum:

- Hvort tölur sem gefnar eru upp séu í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins
- Hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við frumgögn
- Hvort skilyrðum í lögum og reglum um innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt

Við teljum að við skoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit:

Það er álit okkar að skýrsla Terra Umhverfispjónustu hf. um grænt bókhald sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Kópavogur, 29. ágúst 2023

Deloitte ehf.



Eyjólfur Bjarni Sigurjónsson
endurskoðandi